

BERGLIND RÓS MAGNÚSDÓTTIR

„Ég hef alltaf minni og minni áhuga á þessu hefðbundna sambandi“

Tilhugalíf fráskilinna framakvenna

*Inngangur*¹

Hér er rýnt í ástarreynslu kvenna á miðjum aldri sem hafa skilið við langtímamaka og eru að reyna að fóta sig í breyttum og síteygdu veruleika tilhugalífsins. Hverjar eru leikreglurnar og hvernig gengur þeim að finna gagnkvæm ástartengsl? Tekin voru djúpvíðtöl² við konur sem standa nokkuð ofarlega í vinnuhagkerfinu. Þær hafa sett starfsframa sinn á oddinn en hafa samhliða tekist á við móður- og makahlutverk.

Í greininni beiti ég hugtökum gagnrýninnar kenninga, aðallega með því að ganga í smíðju Bourdieu³, Önnu Guðrúnar Jónasdóttur⁴ og Evu Illouz⁵ sem öll hafa nýtt sér hugmyndir og þróað hugtök sín úr marxískum fræðum. Vettvangur⁶ með tilheyrandi leikreglum er eitt af mikilvægum hugtökum úr safni Bourdieu og hér er aðallega fjallað um ástarvettvanginn⁷ og leikreglur

¹ Höfundur þakkar fjölmörgum fyrir góð samtöl á meðan þessi grein var í smíðum og svo þátttakendum fyrir ómetanlegt framlag.

² Þessi grein er hluti af stærri rannsókn, styrkt af Rannsóknarsjóði Háskóla Íslands 2021, sjá <https://astarrannsoknir.hi.is/astin-i-sidnutima/>.

³ Sjá Pierre Bourdieu, „Social Space and Symbolic Power“, *Sociological Theory* 7/1989, bls. 14–25 og bók hans *Distinction. A Social Critique of the Judgement of Taste*, London: Routledge, 1986.

⁴ Anna Guðrún Jónasdóttir, *Why Women are Oppressed*. Philadelphia: Temple University Press, 1994.

⁵ Eva Illouz, *The End of Love. A Sociology of Negative Relations*, Oxford: Oxford University Press, 2019.

⁶ Hugtakið ástarvettvangur vísar í greininni bæði til vettvangs kynverundar (e. *sexual field*) og ástar. Í sumum fræðigreinum hefur vettvangur einnig verið þýddur sem svið.

⁷ Hér gefst ekki tólm til að staldra mikið við þessi hugtök Bourdieu heldur er þeim



hans þegar tekist er á við tilhugalífið. Ástarvettvangurinn er ekki óháður öðrum vettvöngum, eins og hinum efnahagslega og menningarlega. Að vera efnaður eða að búa við öryggi í síbreytilegum heimi skapar aukið virði á ástarvettvangnum.⁸

Leysing á leikreglum tilhugalífsins og formgerð sambanda – Frádrægt val

Í yfirgripsmikilli rannsókn Evu Illouz⁹ sem byggir á viðtölum við 92 einstaklinga á aldrinum 19 til 72 ára í Frakklandi, Englandi, Þýskalandi, Ísrael og Bandaríkjunum, kemur fram að erfiðlega virðist ganga að upplifa sérstöðu sem hin útvalda og hafa fullvissu um ástartilfinningar og varanleika þeirra. Þær leikreglur sem áður giltu um viðeigandi hegðun í tilhugalífinu virðast hafa útvatnast. Eins er varanleikinn; ást að eilífu, eitthvað sem erfitt reynist að reiða sig á andspænis síhækkandi skilnaðartíðni. Varanleiki sambanda felst gjarnan í skuldbindingu; að tiltekið val sé þess virði að skuldbinda sig við og hætta þar með að hugsa um og leita að öðrum möguleikum. Skuldbindingin og ástin hafa átt sér langa sambúð og má spyrja sig hvað verði um ástina þegar skuldbindingar neytenda eru almennt álitnar til marks um skort á metnaði og samkeppnishæfni í markaðsvæddu samfélagi. Þegar tilfinningar eru komnar á markað skal velja það „besta“ á hverjum tíma; að vera fær um að skipta um maka eins og vörumerki, tryggingafélag og stjórn-málaflokk.

Þegar við það bætist að auðvaldskerfið er síteingt og sjónrænt virðast skuldbindingar enn erfiðari. Hið sjónræna og sítengda ástand virðist hafa fært okkur innsýn í mögulega valkosti í lífinu sem áður stóðu utan og ofan við okkar daglega líf en virðast nú í seilingarfjarlægð á rafræna ástarvettvangnum. Ríkjandi orðræða nýfrjálshyggjunnar krefur okkur um virkni í að móta líf okkar, við erum hönnuðir eigin lífs og þurfum að grípa tækifærin. Nýfrjálshyggjan (e. *neoliberalism*) sem er ríkjandi stef í samtímanum talar fyrir há-mörkun sjálfsins (e. *reaching full potential*); að vera framleiðinn, sveigjanlegur

beitt eins og lesendur þekki til þeirra. Um þessi hugtök hef ég skrifað á íslensku í hinum ýmsu greinum, til dæmis ítarlega um samband vettvangs og veruháttar í grein okkar Unnar Eddu Garðarsdóttur: „„Bara ekki mínar týpur“!: Sjálfsmyndarsköpun, félagsleg aðgreining og framhaldsskólaval“, *Netla – Tímarit um menntarannsóknir*: Reykjavík, 2018, bls. 1–18, hér bls. 2–4.

⁸ Eva Illouz, *Consuming the Romantic Utopia. Love and the Cultural Contradictions of Capitalism*, Berkeley: University of California Press, 1997.

⁹ Eva Illouz, *The End of Love. A Sociology of Negative Relations*, 2019.

og áhættusækinn. Einstaklingurinn er hvattur til að reka líf sitt eins og at-hafnamaður (e. *entrepreneur*) í krafti síns frjálsa vals, með það sjónarmið að leiðarljósi að hámarka eigin „gróða“, og það gerir hann með því að vinna stöðugt í sjálfum sér, verða betri og breyttur maður. Gert er lítið úr siðferðilegum og samfélagslegum hindrunum og þvinguðu vali.¹⁰ Þetta hefur ýtt undir ákveðin ótta við langtímaskuldbindingar, hvort sem þær eru efnahagslegar, pólitískar eða rómantískar. Þetta kallar Illouz frádrægt val (e. *negative choice*) þar sem fólk hefur á tilfinningunni að það geti valið að afvelja með auðveldum hætti – jafnvel með einum takka á samskiptamiðlum.¹¹

Þessi menningarlega leysing¹² á formgerð tilhugalífsins hefur skapað aðstæður fyrir það sem Eva Illouz kallar frádræg tengsl (e. *negative relations*). Þau lýsa sér í óöryggi og viðvarandi kvíðatilfinningu á meðan dvalið er í sambandinu. Alltaf má búast við högginu og gert er óbeint ráð fyrir því, hversu gott sem sambandið er. Það er hægt að slíta sambandssamningi hvenær sem er og af hvaða ástæðu sem er. Ein birtingarmynd varnarháttar er að hafa marga í spilinu til að verja sig því að falla of djúpt inn í eitt einstakt samband. Það uppfyllir einnig hina sterku orðræðu markaðarins að safna sér einstökum og margs konar upplifunum, sem innan þessa vettvangs er á sviði tilfinninga og kynlífs. Illouz kemst að þeirri niðurstöðu að með þessum leikreglum sé búið að fletja út möguleikann á djúpum og varanlegum tengslum því þegar traustið og sérstaðan hafa gufað upp þá er ástin, eins og hún hefur verið skilgreind til þessa, orðin fremur yfirborðskennd.¹³

Leikreglur hafa breyst um hvenær sé viðeigandi og mikilvægt að slíta sambandi. Til vitnis um það er þreföldun í skilnaðartíðni miðaldra fólks á síðasta áratug.¹⁴ Fyrr á tímum hafði borgarastéttin eins konar eignarhald á ástarorðræðunni, mótaði helgisiði tilhugalífsins þar sem kynlíf kom oftast ekki strax við sögu.¹⁵ Nú er bæði upphaf og endir sambanda í mun meira

¹⁰ Jeff Sugarman, J. „Neoliberalism and Psychological Ethics“, *Journal of Theoretical and Philosophical Psychology*, 35: 2015, 103-116, sjá bls. 113 og Rosalind Gill

¹¹ Eva Illouz, *The End of Love. A Sociology of Negative Relations*, 2019, sjá bls. 176-177.

¹² Leysing er þýðing á hugtaki Ziehe (þ. *Freisetzung*) sem Beck þýðir á ensku sem „release“ eða „liberation“ og Gestur Guðmundsson þýðir á íslensku sem leysing. Sjá nánari umfjöllun í grein Gest, „Vegferð til fullorðinsaldurs“ í *Uppeldi og menntun* 24: 2/2015, bls. 16.

¹³ Eva Illouz fjallar ítarlega um þetta í 4. kafla bókar sinnar *The End of Love* sem ber heitið „Scopic Capitalism and the Rise of Ontological Uncertainty“, bls 98-143.

¹⁴ Sjá samatekt á þessum skilnaðarheimildum í Eva Illouz, *The End of Love. A Sociology of Negative Relations*, bls. 185-193.

¹⁵ Samanber skilgreiningar á ástinni í rómantískum bókmenntum og sjálfshjálparbókum Jane Austen, sjá Alda Björk Valdimarsdóttir, *Jane Austen og ferð lesandans*.

mæli en áður skilgreint í gegnum kynlíf. Í stórri bandarískri könnun sem gerð var árið 2014, kom í ljós að algengasta ástæða skilnaða var framhjá-hald, eða tæp 40%. Félagsfræðingurinn Steven Ruggles lýsir þessari þróun á þann veg að skilnaðir í fortíðinni hafi stjórnað fremur af félagslegum viðmiðum en stöðugu mati og endurmati á því hvort hjónabandið væri að hámarka tilfinningalega og kynferðislega fullnægju. Þá þurfti að vera skýr ástæða fyrir skilnaði, eins og alkóhólismi, framhjá-hald, svik eða ofbeldi. Nú markast það af sálfræðilegri þáttum, eins og leiða eða skorti á sterkum tilfinningum eða kynlífi. Þær leikreglur sem áður giltu í tilhugalífi hafa jafnframt tekið breytingum. Félagsleg formgerð tilhugalífsins skapaði skýran ramma utan um áhættusamar ákvarðanir í einkalífi þar sem kynja- og stétta-kerfið skilgreindu miðin í mannhafinu. Konur voru fyrst og fremst viðföng karlmanna (e. *men's objects of desire*) og áttu sjálfar ekki að sýna mikið frumkvæði. Þessir helgisíðir sem tryggðu talsverðan fyrirsjáanleika voru meira og minna í gildi fram að hippakynslóðinni í lok sjöunda áratugarins.

Ástarkraftur – Orkugjafinn á ástarvettvangi

Í doktorsritgerð sinni færir Anna Guðrún Jónasdóttir góð rök fyrir því að ástarhagkerfið¹⁶ (e. *system of sexuality*), lífskrafturinn sem fer í að viðhalda lífi og skilgreina manneskjur, stjórni ferðinni í lífi okkar ekki síður en vinnuhagkerfið og efnahagslegar þarfir. Hún telur að í ástarhagkerfinu halli á konur sem útskýri viðvarandi kynjaslagsíðu sem greina má í norrænum samfélögum, þrátt fyrir miklar og jákvæðar breytingar innan vinnuhagkerfisins. Á meðan vinnukraftur er aðaldrifkrafturinn er það ástarkrafturinn (e. *love power*) í ástarhagkerfinu. Umhyggja og erótískur unaður eru auðlindirnar sem virkjaðar eru með ástarkraftinum. Eins og Anna bendir á í grein sinni þá felst

[s]tærsta vandamálið í kynjapólitískri baráttu samtímans [...] ekki í stöðu kvenna sem mæður, né stöðu þeirra á vinnumarkaði. Heldur felst það í hlutverki kvenna sem valdeflandi kraftur í tilvist karlmanna.¹⁷

Skáldkonan í þremur kvennagreinum samtímans. Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2018, bls. 283–345.

¹⁶ Í meðförum Önnu Guðrúnar á ensku er þetta „system of sexuality“ til mótvægis við „system of labour“. Ég kys að þýða þessi orð sem ástarhagkerfi og vinnuhagkerfi með skírskotun í þann lífskraft sem þessi tvö kerfi grundvallast á, það er ástarkraftur og vinnukraftur.

¹⁷ Anna Guðrún Jónasdóttir, *Why Women are Oppressed*, bls. 13, þýðing mín og allar aðrar þýðingar á verkum Önnu Guðrúnar eru mínar eigin.

Þetta birtist meðal annars í því að þær laga sig frekar að lífi maka sinna og sinna meira tilfinningum ástmannanna sinna en öfugt. Á þeim tíma sem Anna Guðrún vann að doktorsritgerð sinni var áherslan fyrst of fremst á kynþokka kvenna og ástarveitandi stuðning þeirra. Anna Guðrún vitnar í ljóð eftir Elisabet Hermodsson sem fangar vel þessa hugsun:¹⁸

Hans ást á mér
fólst í að leyfa mér
að elska sig.
Mín ást á honum
fólst í að leyfa honum
að elska sjálfan sig
í gegnum mig.

Anna Guðrún lagði áherslu á að ólíklegt væri að jafnvel þær konur sem hefðu skapað sér sjálfstæði og hafnað því einhæfa og ósjálfbæra hlutverki að vera erótískt viðfang (e. *desired object*) gætu baðað sig samtímis í ástarkrafti og erótískum unaði. Formgerð kynjakerfisins byði einfaldlega nær aldrei upp á það.¹⁹ Í gegnum samskiptamiðla og stefnumótaforrit hefur áherslan á hið sjónræna sett líkama og kynlíf í enn meira öndvegi en áður en á breyttum forsendum. Það sem hefur breyst í gegnum sjónræna auðvaldshyggju er að það sem áður var kallað hlutgerving á líkama konunnar er nú skilgreind sem valdefling, á sviði kynlífs og ástar, og fer aðallega fram í gegnum sjálfsvinnu varðandi mótun og endurmótun líkamans.²⁰ Ásýnd sjálfsins á sítengdum samskipta- og stefnumótaforritum skilgreinir á örfáum augnablikum markaðsvirðið og því er mikið í húfi. Sjónræna auðvaldshyggjan hefur enn frekar en áður ýtt undir aðgreiningu milli líkama og sjálfsins.²¹

¹⁸ Fimmti kafli í bók Önnu Guðrúnar, *Why Women are Oppressed*, hefst á þessu ljóði. Ljóðið heitir á frummálinu „Gör dig synlig,“ („Gerðu þig sýnilega“) og er þýtt yfir á ensku af Myrtle Ternström. Þýðing mín byggir á ensku þýðingunni.

¹⁹ Sama heimild, bls. 102–103.

²⁰ Um þetta er m.a. rætt í frægri grein Rosalind Gill árið 2003, sjá sérstaklega á bls. 101 í grein hennar „From sexual objectification to sexual subjectification: The resexualisation of womens' bodies in the media.“, *Feminist Media Studies*, 3, bls. 100–106.

²¹ Eva Illouz tekur umfjöllun Rosalind Gill lengra og setur í sambengi við kynferðislega ásýnd sjálfsins í hinu sjónræna auðvaldskerfi; hvernig einstaklingar upplifa gerendamátt sinn í að skilgreina sig sjónrænt á samskipta- og stefnumótasiðum, sem Rosalind Gill hefur kalla sjálfs-kynlífsvæðingu (e. *self-sexualization*). Sexting, það er þegar sendar eru myndir af líkamspörtum til að sýna markaðsvirði, eru dæmi sem Eva Illouz tekur til að lýsa tilfellum sem ganga einna lengst í aðgreiningu líkama og sjálfsins í samskiptum (bls. 128–129) í bók sinni *The End of Love*.

Á þeim þrjátíu árum sem liðið hafa síðan Anna Guðrún Jónasdóttir skilgreindi ástarkraftinn hafa femínískar byltingar skapað konunni lagalegt svigrúm til að hámarka eigin hæfileika í gegnum menntun og aðgengi að vinnu- markaðnum, ekki síst hér á Norðurlöndum. Ísland hefur í mörg ár verið í efstu sætum á mælingum um kynjajafnrétti²² sem hefur stutt vel við þær hugmyndir að konur á Norðurlöndum uppfylli ímynd hinnar fullkomnu sjálfsveru (e. *ideal neoliberal subject*). Bent hefur verið á að þetta gæti í besta falli átt við þær konur sem standa best út frá stétt, uppruna og félagslegu samhengi.²³ Það er því einkar fróðlegt að skoða hvort og þá hvernig konur sem hafa komið sér nokkuð ofarlega fyrir í vinnuhagkerfinu upplifa tilhugalíf og ný sambönd - konur sem ég kys að kalla framakonur. Ná þær að verja sig ástararðráni²⁴ og upplifa erótískan unað?

Þátttakendur

Þátttakendurnir í þessari rannsókn uxu úr grasi á tímum mikilla breytinga í íslensku einkalífs- og tilfinningasögu. Kvenfrelsisbyltingin skapaði möguleika á nýjum tilfinningum í samböndum, hjónaböndum og í fjölskyldum.²⁵ Hið persónulega varð pólitískt. Nú er önnur bylting í gangi. Tæknibylting í samspili við nýfrjálshyggju sem í sameiningu mynda það sem Eva Illouz kallar sjónræna auðvaldshyggju. Tilkoma netsins og tók þess á tilfinningalífi fólks í gegnum samskiptamiðla hefur hróflað við gamla kerfinu sem kallar á annars konar samfélag, samskipti, tilfinningar og jafnvel líkama. Hið persónulega er nú sýnilegt mun stærri hópi fólks en áður og kynverund verður þar meginþema þegar tekist er á við tilhugalífið.²⁶ Konurnar sem þátt tóku í rannsókninni eru nú á miðjum aldri og í hringiðunni miðri. Ákveðið var að

²² Sjá t.d. nýjustu skýrslu *World Economic Forum*, 2021, bls. 6. Geneva, Swiss. http://www3.weforum.org/docs/WEF_GGGR_2021.pdf

²³ Gill, Rosalind. Culture and Subjectivity in Neoliberal and Postfeminist Times, *Subjectivity*, 25: 1/2008, 432-445. doi:10.1057/sub.2008.28, sjá sérstaklega bls. 443.

²⁴ Arðrán (e. *exploitation*) felur yfirleitt ekki í sér meðvitund þess arðrænda að um arðrán sé að ræða. Kerfislæg kúgun (e. *oppression*) er gjarnan forleikurinn að því að hægst sé með auðveldum hætti að arðræna ástarkrafti. Upphafning á kvenlægri fórnfýsi, aðlögunarhæfni og ósjálflægni eru þrástefin í þeim forleik.

²⁵ Sjá til dæmis viðtal Leifs Reynissonar við Halldóru Thoroddsen um breytingarnar í íslensku tilfinningalífi á 8. áratugnum. „Vorstund með Halldóru Thoroddsen: Samræða um æskulýðsbyltingu og tímadrauga“, *Tímarit Máls og menningar* 4/2020, bls 4-13.

²⁶ Sjá umfjöllun Evu Illouz um sjónræna auðvaldshyggju á bls. 107-108 í bókinni *The End of Love*.

byrja að vinna úr rannsóknarniðurstöðum með því að einskorða þessa fyrstu grein við reynslu gagnkynhneigðra kvenna. Gagnkynhneigð er ríkjandi á ástarvettvangnum þótt hún hafi ekki jafn sterka stöðu og áður.

Viðtölin voru öll tekin eftir september 2020 og því setur Covid-19 heimsfaraldurinn óhjákvæmilega mark sitt á svör viðmælenda.²⁷ Val á fyrstu viðmælendum markaðist við tengslanet spyrna en svo var nýtt svokölluð snjóboltaaðferð²⁸ þar sem viðmælendur voru beðnir um að nefna tvo til þrjá einstaklinga sem uppfylltu skilyrði rannsókna. Miðað var við að viðmælendi hefði reynslu af minnst einu langtímasambandi (lágmark sjö ár) og hefði verið virkur eftir skilnað á ástarvettvangnum í að minnsta kosti tvö til þrjú ár. Þau sem hafa meira af auði, hvort sem hann er líkamlegur, menningarlegur, félagslegur og/eða efnahagslegur, eru líklegri til að vera virkir þátttakendur á vettvangnum.²⁹ Þess vegna var valið að tala við konur sem væru frekar ofarlega í stéttalögum þjóðarinnar, varðandi menntun og/eða starfsheiti.³⁰

Ástæðan fyrir því að kastljósinu er fyrst beint að konum er sú að konur eru meiri gerendur á ástarvettvangi í þeim skilningi að þær leggja að jafnaði meira af ástarkrafti sínum inn í sambönd, til að viðhalda þeim og næra³¹ en þær eiga jafnframt oftast frumkvæði að skilnaði. Simone de Beauvoir taldi að eina færa leiðin fyrir konu að upplifa sanna ást (e. *authentic love*) væri að hún hefði frelsi til jafns á við ástmanninn, þar sem hún væri gerandi á öllum sviðum mannlífsins. Grundvöllur frelsisins var að hennar mati efnahagslegt sjálfstæði í gegnum eigin störf.³² Viðmælendur búa við slíkt sjálfstæði og frama, að þær gætu talist lifa fremur karllægu lífi, ef notaðir eru gamlir tvíhyggjumælikvarðar á lífsmynstur kynjanna. Í þessum hluta rannsóknarinnar var rætt við 12 konur frá 40 til 52 ára sem allar höfðu átt langt samband að baki (7 til 25 ár) með hefðbundnum eignatengslum (börn, sambúð, eignir).

²⁷ Höfundur tók sjálf helming viðtalanna en Brynhildur Björnsdóttir tók fjögur viðtöl og Ásgeir Brynjar Torfason tvö viðtöl. Viðtalsramminn var ítarlegur til að tryggja að viðmælendur fjölluðu um sömu þemu.

²⁸ David Silverman, *Doing qualitative research*, London: SAGE, 2010.

²⁹ Pierre Bourdieu, *Distinction. A Social Critique of the Judgement of Taste*, Cambridge: Harvard University Press, 1984.

³⁰ Hér er ekki endilega miðað við eða átt við tekjur.

³¹ Anna Guðrún Jónasdóttir, „What Kind of Power Is 'Love Power'?“, *Sexuality, Gender & Power*, ritstj. Anna Guðrún Jónasdóttir, Valerie Bryson og Kathleen B. Jones, New York: Routledge, 2011, bls. 45–59.

³² Simone de Beauvoir, *The Second Sex*, New York, Vintage books. 2010 [1949].

Tafla 1: Þátttakendur í aldursröð

Gervinafn	Aldur	Aldur yngsta barns
Rósa	40	Yngri grunnskólaaldur
Jódís	42	Yngri grunnskólaaldur
Pura	43	Yngri grunnskólaaldur
Sædís	43	Yngri grunnskólaaldur
Hildur	46	Eldri grunnskólaaldur
Ugla	46	Yngri grunnskólaaldur
Eyja	47	Yngri grunnskólaaldur
Hrefna	49	Framhaldsskólaaldur
Þorbjörg	49	Framhaldsskólaaldur
Kristín	49	Yngri grunnskólaaldur
Freyja	51	Uppkomin börn
Stefanía	52	Eldri grunnskólaaldur

Þegar rannsóknin fór fram höfðu liðið allt frá þremur upp í tíu ár frá langa sambandinu. Helmingur viðmælenda hafði verið meira en sex ár að prófa sig áfram á vettvangnum og fjórar þeirra höfðu gert tilraun til að fara aftur í sambúð um tíma. Viðmælendur eiga allar börn og eru komnar af hinum dæmigerða barneignaraldri hér á Íslandi. Ástir þeirra á þessu stigi markast því takmarkað af þessum þáttum. Þær veita engu að síður af ástarkrafti sínum sem mæður samhliða því að leita að rómantískri ást. Viðtölin við konurnar voru tekin með það í huga að fanga þær leikreglur sem gilda í tilhugalífínu fyrir þennan hóp kvenna. Þau voru greind með eftirfarandi rannsóknarspurningar í huga:

- Hvernig hafa regluslökun, neysluvæðing og hin sjónræna auðvalds-hyggja sett mark sitt á tilhugalíf þeirra og hugmyndir um sambandsform?
- Hvernig gengur konunum að verja sig ástararðráni og njóta erótíksks unaðar þegar þær þreifa sig áfram í tilhugalífínu?

Næsti kafli segir frá niðurstöðum úr viðtölunum. Að því loknu er samantekt og umræða.

Niðurstöður

„Núvitund er í tísku en það er núll núvitund í deitlífinu“ (Ugla)

Regluslökun, neysluvæðing og flóktandi siðferðismörk

Í stuttu máli má segja að á ástarvettvanginum hafi átt sér stað regluslökun (e. *deregulation*) frá því konurnar voru að stíga þar sín fyrstu skref. Það mátti ekki síst rekja til sítengingar og endalauss aðgengis að mögulegum og ómögulegum vonbiðlum. Allar höfðu konurnar prófað Tinder en þær sem síst notuðu þann miðil voru þær sem höfðu mikið af táknaðu auðmagni í gegnum störf sín í litlu samfélagi, og fannst það því óþægilegt og jafnvel niðurlægjandi að vera þar sýnilegar. Í þeim tilfellum sem konurnar höfðu vítt og völdugt tengslanet voru aðrir samskiptamiðlar nægilegt drifafli til að fá yfirsýn og óvæntar tengingar, og birtist meðal annars í fjölda vina og fylgjenda á Facebook og Instagram. Fyrir hinar, sem höfðu færri í sínu tengslaneti töldu sig knúnar til að fara þangað inn og dvelja þar ef þær ætluðu sér á annað borð að vera virkar. Hrefna hafði einungis byrjað að fíkra sig áfram á Tinder eftir að samkomubannið skall á. Samkomubannið í raunheimum vegna Covid hafði hleypt nýju lífi í Tinder og þarna höfðu ratað inn hópar álitlegra karlmanna sem ekki höfðu mikið sést þar áður. Til dæmis var lækni nefndur til sögunnar sem sjaldgæf starfsstétt á stefnumóttaforritinu. Að mati Þorbjargar er kosturinn við Tinder ótvíræður þegar tekist væri á við höfnun:

[...] eitthvað sem hefði getað sent mann í svartasta hyldýpi þunglyndis fyrir 15 árum en í dag þykir bara krúttlegt þannig að þetta hlaðborð sem við stöndum frammi fyrir er að mörgu leyti jákvætt en við þurfum ekkert endilega að vera að troða okkur út. (Þorbjörg)

Að hennar mati var óþarfi að sýta samband sem gekk ekki upp því „það eru svo margir fiskar í sjónum“. Setningar sem þessar eru ekki lengur upplyftandi huggunarorð heldur teljanlegur raunveruleiki á Tinder þar sem hægt var að skrolla og fá yfirsýn yfir rafrænu miðin.

Þrjár höfðu upphugað leiðir til að stækka miðin í mannhafinu, meðal annars með því að leita út fyrir íslenska landhelgi. Vinkonuhópur Hrefnu kölluðu þetta „nýja ástandið“ sem fólst í að daðra við erlenda karlmenn á

Tinder, jafnvel marga í einu. Þeir uppfylltu betur viðmið um ástarverðuga og spennandi karlmenn, en þær notuðu áfram íslenska Tinder til að finna hjásvæfla. Þetta voru samtöl sem meðal annars byggðu á fantasíunni um að skreppa til Parísar og hittast eftir Covid.

[...] það er bara einn í Englandi, einn í Frakklandi [...] og ég er bara, á hverjum morgni fæ ég einhver falleg skilaboð og svo á ég bara hjásvæfu í [...] (*X-bæjarfélagi*). Þetta er bara æðislegt (hlær). (Hrefna)

Að búa í þessum skrýtna veruleika Covid-19 framkallaði þörf til að treysta meira á Tinder, jafnvel fyrir konur eins og Hrefnu sem hafði ekkert verið á Tinder áður en kófið skall á.

Þrjár kvennanna fundu leið til að hylja slóð sína á miðlinum; Eyja og Stefanía höfðu prófað að kaupa sér gull-aðild³³ að Tinder og Kristín hafði búið sér til gervipersónu þar sem hún kom öðrum notendum fyrir sjónir sem hún væri 10 árum yngri. Kristín lýsir gervisjálfinu sínu á eftirfarandi hátt:

Sjáðu, þetta er hún Guðrún mín, ég veit ekki hvað ég skrollaði langt niður þegar ég var að leita að mynd. Hún er nú engin drottning (R: [...]fær hún einhverja sénsa?) Alveg eitthvað, [...] en hún veður ekki í sénsu nei. (Kristín)

Gerviforsíðan var til að fá yfirsýn og svo var einfaldlega haft samband við álitlegu mennina á öðrum samskiptamiðlum. Hér eins og í rannsókn Illouz virðast samskiptamiðlar og stefnumótasíður eins og Tinder ýta undir neysluhegðun varðandi kynlíf og tilfinningar og hjá sumum var þetta eins og hver önnur afþreying:

Stundum ef mér leiðist þá fer ég kannski eitthvað inn og skoða þetta, um daginn var ég eitthvað svona bara, leiddist eitthvað og var bara að fletta. (Þura)

eða leið til að fylla í tómið á stundum sem voru heilagastar í fjölskyldulífinu:

Já ég fór á Tinder einu sinni eitt kvöld og fór á deit og með einmitt svona rosa „save“ manni sem var rosa, vildi vera heima að spila og

³³ Sem þýðir að þær eru ósýnilegar inn á Tinder en geta valið sér viðföng sem eru þá þeir einu sem sjá þær þar.

tefla og lúkkar rosa vel á pappír og ég endaði með að eyða aðfangadegi með honum. (Rósa)

Þær virkustu á Tinder höfðu sjálfar komið sér upp skilvirku kerfi í að greina hismið frá kjarnanum í þessari ofgnótt möguleika og aðgengis:

ég lænaði upp bara til þess að hitta menn, bara þá í kaffibolla og ég var mjög svona ekónómísk í þessu, þú veist bara, kaffibolli þýðir hálf tími, það er ekki meiri skuldbinding en það. (Þorbjörg)

[...] ef ég var ekki að fylgja eftir einhverjum þræði, þá var ekkert mál að finna nýjan, ef mig langaði til þess. (Þura)

Þær fundu einnig þessa viðskiptavæðingu almennt á Tinder og í viðhorfum ástmanna sinna:

Margir strákar virtust líta á það að hittast í gegnum Tinder væri eins og að panta kynlíf svona eins og pizzu, [...] þeim fannst sumum hverjum ofsalega barnalegt að hitta einhvern í gegnum Tinder og ætla kynlífi ekki að eiga sér stað á fyrsta hittingi (Jódís)

Þessi bara neysluhegðun, og maður geti alltaf fundið eitthvað betra bara þú veist [...] henda í ruslið og fá sér nýtt og allt það og ég meina, þetta er bara svona næsti bær við að fara til vændiskonu sko. Mér finnst það. Ég held að þetta getið komið í staðinn fyrir það hjá sumum mönnum. [...] Þú veist, ekki kaupa, maður bara fer á Tinder. (Þura)

Þessi neyslu- og viðskiptavæðing hentaði þeim misvel og sumum þeirra fannst erfitt að fóta sig í þessum sýndarveruleika en því lengur og oftar sem þær dvöldu á miðunum þeim mun sjóðri urðu þær. Mörkin milli vina- tengsla, tilhugalífs og sambands urðu einnig nokkuð óljós.

[...] flest ástarsambönd sem ég hef átt í eru áfram vinir mínir eftir að þetta er búíð, eitthvað sem er vinskapur sem þróast yfir í eitthvað annað og svo fram og til baka [...] (Ugla)

Hvenær hættir fólk að sýna öðrum kynferðislegan áhuga? Hvenær verður fyrrverandi ástmaður algjörlega fyrrverandi? Og hvernig er best að haga vináttu við fyrrverandi ástmenn sem eru inn á samskiptamiðlum og fylgjast

með hverju nýju skrefi á ástarvettvangnum? Hvernig ber að svara skilaboðum fyrrverandi ástmannanna og núverandi vina þegar þeir voru komnir í ný sambönd? Svör við þessum spurningum virtust nokkuð óljósar.

Sambandsleysingar og nýjar gerðir samninga

Eldri helgisíðir í tilhugalífi og samböndum höfðu útvatnast án þess að það væri skýrt hvað kæmi í staðinn. Hver og ein þurfti að gera sinn einstaka samning út frá sínum eigin siðferðisreglum og þörfum, yfirleitt í gegnum rafrænt spjall áður en fólk hittist. Þær reyndu því að hafa það skýrt á sinni heimasíðu á Tinder að hverju þær væru að leita, og hvað þær vildu alls ekki, og sumum fannst samskiptamiðill eins og Tinder mjög hjálplegur til þess.

[...] ég held að Tinder hafi sett svona ákveðna hreinskilnispressu á fólk og ég held að það sé bara mjög hollt fyrir alla að geta sagt, „já, mig langar í kynlíf“, bara, „mig langar í, þú veist, einhverja tengingu og eitthvað“, „ég er ekkert viss um að ég vilji skrifa undir húsnæðislán með þér en tékkum á þessu“. (Þorbjörg)

Eins kom fram í gögnunum hvað eftir annað breyttist sá ásetningur sem settur var fram í eitthvað annað og ljóst að sumir karlmenn veittu því litla eftirtekt hvað þær skrifuðu um skilyrði og væntingar í kynningu á sjálfum sér.

Þorbjörg er ein af þeim sem upplifði Tinder fyrst og fremst sem jákvætt afl og ljóst að hún meðtók leikreglurnar sem umgjörð um einhvers konar viðskipti um þarfir, þar sem aðalatriðið er að vilji beggja aðila sé skýr þegar gengið er til samninga. Lýsingarnar virka þá eins og eins konar þarfagreining sem lögð er til grundvallar áður en fólk kynnist raunverulega í stað þess að slíkt þróist smátt og smátt í tilhugalífínu eða í sambandi. Þegar fólk hittist tekur við eins konar kröfulýsing. Óljósir samningar gátu þýtt að kona komin á miðjan aldur missti dýrmætan tíma í tímaþjóf sem gat reynt lítt ástarverðugur. Margir samningar, hvort sem konurnar lögðu mikið eða lítið í að skilgreina þá, virtust ekki byggðir á jafn traustum grunni og ætla mætti og þær fundu einnig hvernig þeirra eigin viðmið urðu stundum óljós:

[...] ég meina Tinder er bara eins og hver annar pöntunarlisti [...] Þú veist, það er náttúrulega bara eitthvað absúrd við það að vera að mynda tengsl en vera á sama tíma eitthvað að fletta og sjá [...] hvað er í boði sko. Mér finnst það mjög fráhrindandi, en á sama tíma skil

ég vel að fólk geri það, af því að formið býður upp á það. En það er enginn (sem setur?) mörk nema við sjálf sko, maður verður bara að setja sér siðareglur. (Pura)

Þessi dýnamík, „gæti verið eitthvað aðeins betra þarna handan við hornið“. Þannig að það er ekkert hætt. Haldið áfram á Tinder þótt þú sért að deita. [...] Þú þarft að fá alla góðu molana, nægjusemin er horfin, það að geta dvalið í núvitundinni. Núvitund er í tísku en það er núll núvitund í deitlífinu. (Ugla)

Sítengingin, regluslökunin og framboðið truflar möguleika á tilfinningum tengdum sérstöðu, varanleika og fullvissu sem þær töldu frekar að hafi einkennt tilhugalífið þegar þær voru yngri.

„Ég hef bara áhuga á ást – ekki sambúð“

Fimm af tólf höfðu prófað að búa með nýjum ástmönnum og sambúðin varað frá nokkrum vikum upp í tvö ár. Niðurstaðan af þeim tilraunum var að halda ástinni og hversdeginum meira aðskildum.

Það þýddi mjög gjarnan að vera ekki í sambúð með karlmanni. Þetta átti sérstaklega við þær sem voru enn með börn á grunnskólaaldri á sínu framfæri því þær vildu ekki blanda rómantísku ástinni saman við foreldraástina.

[...] mig langar að vera í sambandi, en að hafa einhvern karl með strákunum mínum og hann að skipta sér af þá inn á heimilinum, þá fæ ég svona, nei, mig langar það ekki. Mig langar alveg að eiga einhvern sem ég fer í sumarbústað með, fer í matarboð með og þú veist [...] (Sædís)

Mig langar bara að vera í einhverju svona sparisambandi núna. Mig langar bara í mitt líf og mitt heimili og börnin út af fyrir mig og fara svo bara viku og viku í eitthvað svona ástarsamband. [...] bara fá einhvern sem ég get farið til útlanda með þegar það má, út að borða með og tekið með mér í matarboð. (Rósa)

Í nokkrum tilfellum settu þær meira og minna ástarkraftinn sinn í uppeldi og vináttubönd og töldu sig því hafa minni þörf fyrir maka í hversdeginum með sér. Hann þurfti þá helst að vera spari. Eða í það minnsta nógu góður félagsskapur í barnlausum vikum:

Ég gaf sumum [hjásvæflum] annan séns í von um að, [...] það gæti orðið skemmtilegt að hitta þá oft, þó ekki væri sem mögulegur eiginmaður en svona sem, hvað á ég að segja, svona félagsskapur í barnlausum vikum. (Jódís)

Þetta snerist um að hafa rómantíska nánd þegar þær voru barnlaugar, einhvern sem hentaði vel inn í þeirra pakka. Margar höfðu misst jafnvægið í að gefa og þiggja í sínum hjónaböndum eða sambúðinni eftir skilnað og vildu nú verja sig gegn arðráni á eigin ástarkrafti. Þær voru fjárhagslega og félagslega sjálfstæðar en höfðu haft mikið fyrir því að finna taktinn einar. Þær eru ekki tilbúnar eins og í sínu fyrra lífi að laga sig að pakka makanna heldur hafa mótaðar hugmyndir um hvað hentar þeim sjálfum.

Ég sé ekkert fyrir mér að fara í eitthvað samband og búa með einhverjum manni og svona [...] en ég þarf einhver svona tengsl sem eru svona nán, alvöru og verða djúp sko. Það er það sem ég vil. Ég vil ekki vera ein af mörgum eða eitthvað svona, eða í sambandi þar sem það er bara á forsendum annars aðilans. [...] ég er alveg búin að átta mig á því sko. Held ég. Já. (Þura)

Þær voru því hvorki að leita að sambúð eða stjúpföður fyrir börnin sín, jafnvel þótt barnsfaðirinn væri lítið með börnin. Aðalatriðið var að upplifa nándina, skemmtunina, og eigin sérstöðu (e. *singularity*) í gegnum rómantísku ástartengslin og ákveðin áhætta að blanda öðrum hlutverkum saman við það. Óvissan um nákvæmlega hvað hið nýja ástand merkir kemur gjarnan fram í hiki og úrdrætti eftir staðhæfingar eins og í tilviki Þuru sem endar á orðunum „held ég“.

Óljós tengsl, raðsambönd og arðrán á ástarkrafti

Alla jafna höfðu hugmyndir kvennanna, bæði um sambönd og kynlíf, breyst á þessum árum sem höfðu liðið eftir skilnað. Þrjár höfðu uppgötvað sjálfar sig upp á nýtt sem kynverur og að njóta ásta á eigin forsendum:

Mér fannst bara kynlíf ekki gott og ég fór í einhverja svona samtalsmeðferð af því ég hélt ég væri bara asexual (í. eikynhneigð) eða bara þú veist leyniblesía eða eitthvað sko. Svo skildi ég við eiginmanninn. [...] Og núna er þetta bara það skemmtilegasta sem ég geri. (Rósa)

Um leið og þær fögnuðu kynlífsfrelsi sínu opnaði leysingin á að tengsl og merking þeirra og markmið urðu óljós, bæði hjá þeim sjálfum og mótleikaranum. Þessi óljósa opnun reyndist þeim tilfinningalegur brotsjór. Þær héldu áfram að gefa af sér tilfinningalega inn í skyndiástir en fengu ekki sams konar næringu til baka Þær vissu ekki fyrr en þær voru búnar að hleypa mönnum að sér og skapa djúpar tengingar við þá sem nýttu sér ástarkraft þeirra og líkama um stundarsakir og sneru sér svo að næstu.

Mér finnst ég einhvern veginn búin að sjá eitthvað svona hegðunarmynstur hjá körlum sem ég fíla ekki. [...] þeir virðast vera að tengjast en eru sennilega að nota mig, segja mér bara allt um sig, létta af hjarta sínu og dæla yfir mig alls konar og sofa hjá mér og, láta eins og, þú veist bara eitthvað, eins og þeir séu að tengja en eru það svo ekki einhvern veginn, mynda ekki tengsl. [...] það virðist ekki skilja neitt eftir hjá þeim. Á meðan ég er komin með einhverjar svona tengingar í allar áttir og bara eitthvað [...] Á tímabili hugsaði ég: „er hægt að elska marga menn“. Hvernig get ég verið með svona tengingar út um allt þar sem ég finn virkilega fyrir svona einhverjum [...] mér finnst ég vera búin að bonda eitthvað? (Pura)

Pura áttaði sig á hvernig hún fór halloka tilfinningalega á ástarvettvanginum því hún kunnir ekki nógu vel að sleppa tókunum á þeim fjölmörgu tilfinningatengslum sem höfðu myndast í hita leiksins og var á tímabili farin að halda að hún væri fjölkær (e. *polyamorous*). Hún var tilfinningalega úrvinda þótt henni liði að mörgu leyti mun betur en áður með sjálfa sig og sjálfstæði sitt. Þessi innilegu en snörpu tengsl (sem gátu varað frá nokkrum dögum upp í þrjá til fjóra mánuði) enduðu stundum jafn skyndilega og þau byrjuðu, og stundum í því sem kalla má draugun (e. *ghosting*). Karlarnir hurfu eins og draugar út úr samböndunum, hættu fyrirvaralaust að svara skilaboðum, lokuðu á viðkomandi á öllum samskiptamiðlum án þess að gefa skýringar.³⁴ Oft höfðu þessi sambönd verið mjög svo innileg og ástrík og engin sýnileg merki um að þau væru að ná endimörkum.

Í öll þessi skipti hefur það verið þannig að þeir hafa hamast í mér sko. [...] í öll þessi skipti eru þeir ástfangnir af mér. Einn talaði reyndar ekki um annað sko. Hann var stöðugt að segja það sko. Ég var bara búin að bjarga lífi hans og bara ástin loksins og þetta sko. Svo bara kom þarna, bara ghostaði hann. (Hrefna)

³⁴ Eva Illouz, *The End of Love. A Sociology of Negative Relations*, bls. 166-175.

Draugun er sérstaklega óþægileg þegar myndast hafa nokkurra mánaða tengsl eins og í tilfalli Hrefnu og Þuru sem furða sig báðar á því hversu lítið þetta virðist hafa orkað á karlana. Eva Illouz bendir á að í þessu nýja kerfi samskipta þá hafi þess háttar hegðun engar neikvæðar afleiðingar.³⁵ Þegar um Tinder-stefnumót og ókunnuga menn var að ræða olli það ekki miklum öldugangi í lífi kvennanna. Það var í sjálfu sér daglegt brauð á Tinder:

[...] með ókunnuga menn að þá hafði það ósköp lítil áhrif á mig.
 [...] ef ég missti áhugann á einhverjum að þá, þú veist, ég reyndi svo sem að kveðja alltaf en ég var mjög mis „invested“ í þessum samskiptum, þannig ég hafði alveg skilning á því ef einhver bara lét sig hverfa. (Jódís)

Frádrægt val

Að vera í pásu frá ástinni eða „vera í einhvers konar ástarsambandi“
 Þrástef í gögnunum sem komu fram aftur og aftur, voru þau að „vera í pásu frá ástinni“. Annað hvort fólst pásan í algeru brotthvarfi frá ástarvettvangnum eða að vera þar ennþá en á gjörbreyttum forsendum. Þær upplifðu aftur og aftur vonbrigði. Þær fundu fyrir því að aðrir á vettvangnum voru einnig búnir að missa trúna á gamla kerfinu án þess að hafa fundið nýja leið að því að vera í nánnum rómantískum tengslum, sem allar virtust hafa þörf fyrir þótt þær vildu ekki vera í hefðbundnu sambandi.

[...] Mér finnst það svo skrýtið og rosalega oft sem þú færð eitthvað svona: „já nei ég er búin að ákveða að ég ætla aldrei að kvænast aftur“, einhver tilfinning og samtal er oft þetta sko „já ég er nú bara að leika mér, ég held að ég treysti mér ekki nokkurn tímann aftur í eitthvað annað en að leika mér“ og bæði karlar og konur finnst mér, tala svona. [...] mér finnst það svolítið vonleysislegt og sorglegt, og þetta fannst mér ekki vera þegar ég var nýskilin [fyrir 10 árum síðan]. (Ugla)

Tímaband (e. *situationship*) er eitthvað sem margar þeirra eru í raun farnar að lifa eftir, því þær eru hættar að gera ráð fyrir ævarandi ást, trúnaði og tryggð. Betra að hugsa hlutina í tímabilum eða lífsköflum. Tímaband er þegar báðir aðilar vita innst inni, yfirleitt án þess að beinlínis sé um það

³⁵ Sama heimild, bls. 169.

rætt, að sambandið eigi sér ekki framtíð heldur sé byggt á afmörkuðum tíma vegna tiltekins verkefnis, staðsetningar eða ástands í lífi viðkomandi. Aldrei er talað í alvöru um skuldbindingar til framtíðar. Tímaband er hugsað til að fullnægja tilteknum þörfum í afmarkaðan tíma og án of mikillar tilfinningalegrar fjárfestingar.³⁶

[...] ég þarf á því að halda að vera í einhverskonar ástarsambandi, mjög mikið vegna þess að mér finnst leiðinlegt að vera algjörlega einhleyp. Núna er ég í einhvers konar fullkonnun af þessu sem er svona, ég er að hitta mann sem er alveg eins og ég, hann langar ekki í samband en við viljum samt alveg rosa mikla nánd þegar við erum saman sem er samt ekki ást, sem er kannski svona aðra hverja helgi þegar við erum barnlaus, eða eitthvað svona ákveðið þegar okkur langar að gera eitthvað, en svo veit ég ekki hvað svoliðis endist lengi. [...] Þarf alltaf að gera eitthvað aðeins meira, segja eitthvað aðeins sætara dududud svo er maður allt í einu komin inn í eitthvað bara „hvað er í matinn“. (Rósa)

Samband er einnig hugsað sem afþreying, til að leiðast ekki í lífinu. Þær leggja áherslu á að þær vilji hafa gaman og fá tækifæri til að fjarlægja sig hversdagsleikanum. Í huga Rósu þá er þetta búið þegar ástarsamband er komið of mikið inn í hversdagsleikann. Hæfileikinn til að fara passlega djúpt inn í slík sambönd og halda sjálfsvirðingu á meðan og á eftir er dýrmætur og ljóst að þetta reyndist þrautin þyngri og olli kvíða hjá Rósu á meðan hún dvaldi í hinu „fullkomna sambandi“. Það er þessi viðvarandi pressa um enga lognmollu, hrásлага eða hversdagsleika sem fylgir markaðsdrifnum hugmyndum um ástina. Þetta knúði fram mikla tortryggni gagnvart sambúðarforminu.

Þorbjörg var sú eina sem var komin í fasta sambúð. Hún hafði farið í gegnum tvær sambúðir og tvö nokkurra ára einhleypingstímabil þar sem hún hafði á köflum haft marga kynlífsfélaga í gangi í einu. Hún hafði talið nær óhugsandi að hún færi nokkurn tímann að búa aftur með karlmanni:

Ég var fyrst alveg bara, „ég er ekkert viss um að ég vilji nokkurn tímann búa með neinum“, enþá svona einhvern veginn tortryggin út í það fyrirkomulag. Af hverju þarf fólk alltaf eitthvað að búa saman og eitthvað svona en svo bara einhvern veginn þegar við

³⁶ Eva Illouz fjallar um þetta í bók sinni *The End of Love*, bls. 153-154.

fórum að kynnast betur þá virkilega langaði mig til þess og það er einmitt þetta að geta bara verið einhvern veginn; „ég er eitthvað ömurleg og lítil í mér”, og það er bara allt í lagi. Þú veist. (Þorbjörg)

Að geta verið „eitthvað ömurleg og lítil í mér“ var ekki sjálfgefið í ástarsambandi síðnúttímans með tilheyrandi háþöskun tilfinninganna. Eins virtist traustið, sérstaðan og fullvissan einkenna líðan Þorbjargar í þessari nýju sambúð:

ég veit ekki alveg hvernig ég á að orða það en það sem að breytist hjá mér er að það kemur rosalega ró í mig í þessu sambandi, einhver svona djúpstæð ró og svona feginleiki, léttir, öryggiskennd, ohhhh [...] Ég held að við munum drepast þarna saman í X-bæ einhvern veginn (hlær), þetta er ekki maður sem er að fara að halda framhá mér, sem er mjög mikill léttir [...] (Þorbjörg)

Brot á trausti og óljós siðferðismörk voru gjarnan ástæður þess að konurnar höfðu misst trúna á ástinni. Þorbjörg leggur því mikla áherslu á fullvissu sína um trúnað. Eini viðmælandinn sem syrgði það að vera ekki í sambúð var Freyja, sem átti uppkomin börn og hafði búið ein í nokkur ár.

Að ná tókum á kynlífsvæðingunni

Sumar höfðu endurskoðað sín fyrri viðmið um dýpt, trúnað og skuldbindingar í ástarsambandi, og að tengsl þurfi að vera djúp og góð til að lifa góðu kynlífi. Hvatinn að þessum viðsnúningi var gjarnan byggður á endurteknum vonbrigðum á ástarvettvanginum:

Tók saman við Alex aftur um tíma og hann hryggbraut mig aftur. [...] Og eftir það sleit ég alveg sambandi við hann. Þá tók ég þriðju Tinder syrpu, en þá var ég orðin svo forhert að ég leitaði bara að mönnum til að sofa hjá. [...] það var búið að bara hafna mér svolítið, ég var svona búin að lenda í ýmsum hremmingum í þessari svona leit minni að einhverjum sálufélaga svolítið, eða þú veist kærasta, en ég varð bara allt í einu köld. Ég hristi bara af mér Tinder hrollinn, og fór að sofa hjá [...] Og gerði það bara með stæl, fannst það skemmtilegt, svaf oft en einu sinni hjá sama manningum stundum. Án þess að bindast þeim eða finnast ég vera skuldbundin, eða finnast ég vera leggja sjálfa mig undir og bara fannst þetta gaman. Ég

náði því, það tók alveg allar þessar endalausú atlögur og tilraunir og hafnanir og mistök og vanlíðan og ýmislegt. En ég gerði þetta. Og þú veist, ég náði að skilja þú veist út á hvað Tinder gengur fyrir mörgu fólki. (Hildur)

Það verður eiginlegt markmið að ná tókum á kynlífsvæðingunni, fyrst gamla kerfið var orðið úrelt og þær höfðu að eigin mati tekið hlutunum alltof alvarlega. Hildur nefnir hér sérstaklega að loksins hafi hún skilið „út á hvað Tinder gengur fyrir mörgu fólki“, og að loks hafi hún komist þangað í skilningi sínum og reynsluheimi en það hafi kostað blóð, svita og tár.

En, sko, hvað skal segja, ég upplifði í fyrsta lagi held ég bara svolítið svona mótsagnarkennd viðhorf hjá sjálfri mér, til svona hjásvæfellsis, á fyrsta deiti eða bara þú veist hittast til að ríða, allt þetta. [...] ég hef enga fordóma í garð þeirra sem að eru bara að sofa hjá og hafa gaman og allt það, en ég fann það að ég hafði fordóma þegar ég sjálf var komin í þessar aðstæður, einhvern veginn. Mér fannst ég einhvern veginn ekki eiga, mega, þú veist, það voru einhverjar hömlur þarna sem að, komu mér aðeins á óvart. Sem að ég svo yfirstíg, fyrir rest, bara með þínu stæl sko. (Hildur)

Hún hafði loks losnað við druslustimplunina sem hún hafði haft í huga sér gagnvart slíku atferli. Þura er á svipuðum slóðum, reynslulítill eftir langt samband frá unga aldri, en með vinkonu sér við hlið sem hvetur hana áfram og lítur á kynlíf eins og að bjóða einhverjum að drekka með sér kaffi.

[...] ég held að ég sé aldrei knúin af einhverju svona, nei nú þarf ég að sofa hjá. Fara bara á Tinder og fletta þar til ég finn einhvern til þess að sofa hjá og fara heim til einhvers. Þessi vinkona mín, hún var þar sko. [...] ég hef mikið rætt þetta við hana og ég skil ekki hennar viðhorf, henni finnst enginn, ekki mikill munur á því að hitta einhvern í kaffi og hitta einhvern og sofa hjá. [...] hún tengir ekki tilfinningalega við að sofa hjá. [...] hún var svona fyrirmynd mín, var ári á undan mér, kannski á einhvern hátt leyfði ég mér þetta af því að ég sá hana, en við fórum mjög ólíka leið. Ég er alltaf með þarna tauga-eitthvað [...] tengingar, [...] fæ svona allar ævisögur manna í compact bara yfir mig á þriðja deiti og þessi vinkona mín kannast ekkert við það. (Þura)

Þura er að reyna að skilja breytingar á eigin sjálfsveru, hegðun sem hún hefði aldrei leyft sér áður fyrr, það er að sofa hjá tuttugu til þrjátíu mönnum á tveggja ára tímabili, og tengdi það við hegðun vinkonu sinnar sem hún leit upp til fyrir að geta aftengt kynlíf og tilfinningar. Þær vildu losna við tilfinningalegu tengingarnar og heilagleikann sem þær höfðu áður skapað utan um kynlíf og ást því það var eina leiðin til að geta haldið áfram að vera virkar á vettvangnum án þess að verða arðrændar ástarkrafti. Meginmarkmiðið varð í staðinn að upplifa erótískan unað. Kynlíf þurfti að verða eins og kaffi, stundum úrvals og stundum frekar rammt, en engu að síður athöfn sem gat verið allsendis ótengd skuldbindingu, ást eða drusluskömm. Sumar upplifðu þetta sem algjöra frelsun, aðrar voru ennþá með efasemdir eða áttu erfiðara með að lifa eftir þessu.

Til þess að yfirstíga þetta höfðu sumar tekið ýmsar áhættur og gáfu mönnum tækifæri sem þær hefðu aldrei gert þegar þær voru yngri en litu á slík sambönd sem ævintýri sem vert væri að upplifa, jafnvel þótt forsendur sem hefðu verið gefnar byggðu á sandi:

[...] ég fór sem sagt með honum í Afdal um jól, rosaleg ferð, ég keyrði þangað ein að hitta hann, svo spennandi, þú veist í Afdal, þetta er rosa, vegirnir og allt það. Ég var ein að keyra, magnaðist upp spennan að hitta hann og svo er þetta rosa svona áhættuhegðun að keyra þetta, og svo vorum við þarna alein í fimm daga, veður-
teppt og svona. Þetta var rosalegt ævintýri. Heyrðu svo þegar hann er búinn að slúttu þessu, þá átta ég mig á því að og veit fyrir víst, veit um konu sem fór í eins ferð ári áður og ári seinna fór önnur (R: á jólunum?) já. (Þura)

Hún upplifði erótískan unað þetta augnablik og fannst það þess virði þótt ekki hafi orðið neitt meira úr þessu sambandi.

Þær mynda kynlífsambönd við menn sem þær eru ekki ástfangnar af eins og Rósa og geta þá haft betri stjórn á tengslunum og verða ekki ofurseldar ástinni því hjásvæfillinn uppfyllir ekki skilyrðin sem alla tíð hafa vakið upp hjá þeim ástartilfinningar. Þrjár höfðu komist að því að þær urðu ávallt ástfangnar af mönnum sem reyndust áfallamenn, ofbeldismenn eða fíklar á einhverjum sviðum og þær fóru gjarnan illa út úr þessum samböndum, létu ómeðvitað ræna sig ástarkröftum. Þær höfðu því meðvitað tekið ákvörðun um að færa sig á önnur og betri mið:

[...] ég ætla að horfa á annan mann, einhverja aðra tegund og prófa það bara, gefa þessu bara séns og bara byrja að spjalla við einhvern sem mér finnst ekkert sjúklega spennandi [...] (Rósa)

Í ljósi þess að þær höfðu upplifað endurtekin vonbrigði í ástartengslum sínum þróðu þær með sér tengsl þar sem hægt er að njóta lystisemda og nándar án þess að missa sig í of mikinn ástarbríma eða láta ræna sig ástarkrafti; finna einhvern sem er nógu spennandi félagsskapur í rúmi og tíma. Að vera í sambandi sem þú leggur þig ekki alla í og gerir ávallt óbeint ráð fyrir slitum eða býst við að slíta sjálf einn daginn er að ganga frádræga valinu; einskisvalinu á hönd.

Kvennasamstaða og mikilvægi vináttunnar

Flestar kvennanna voru ánægðar með skilnaðinn og töldu hann jákvætt skref í sínu lífi þótt honum hefði einnig fylgt miklar sviptingar og breytingar. Margar koma sér upp nýjum vinahópi sem er samansettur af einhleypingum því mun minna var um hefðbundin matarboð og hjónaboð en áður.

[...] ég hafði engan í mínum nánasta vinkvennahring sem hafði gengið í gegnum skilnað, þannig ég svona fann rosa þörf til þess að mynda bandalag við einhleypar konur sem ég þekkti og styrkja þau sambönd og þú veist, gerði dálítið af því. Og það var einhvern veginn dálítið svona skemmtilegasti parturinn af þessu tímabili líka, að rækta öll þessi sambönd við konur[...] (Jódís)

Þegar þú ert ein þá er þér boðið í steltnapartý og við erum í hælum að drekka kampavín og ógeðslega gaman og við erum allar á lausu eða nýkomnar í samband eða alveg að fara að skilja. Það er sá hópur sem hittist. (Sædís)

Þær tala um að „mynda bandalag“ við aðrar konur í sömu stöðu. Slík feminísk afstaða kom einnig fram í því að vinkonur gátu fyllt upp í þörfina fyrir ferðafélaga og jafnvel sálufélaga.

ég hef alltaf minni og minni áhuga á þessu hefðbundna sambandi [...] þar sem samveran er einhvern veginn þannig að þú býrð með viðkomandi og það er oft talað um einhvern svona ferðafélaga eða eitthvað svoleiðis, en þú veist. Ég þarf ekki ferðafélaga [...] og ég

á náttúrulega bara vinkonur sem fullnægja öllum mínum andlegu kröfum og þörfum. Og vini. (Hrefna)

Í þeirra huga gat vináttuástin við bæði konur og karla falið í sér tengsl sem væru líklegri til að halda út lífið. Reynslan hafði kennt þeim að rómantísk sambönd væru tímabundin og töldu því ennþá mikilvægara en áður að vera í góðum og ævarandi tengslum við vini. Vinkonur stóðu hver með annarri, veittu upplýsingar og skiptu með sér verkum ef svo bar undir:

Þú ferð á Tinder og vinkona þín er líka á Tinder og þið matchið við nákvæmlega sömu fimm mennina og þið þurfið að skipta þeim á milli ykkar þannig að við vinkonurnar eru komnar í það að fara yfir þetta saman (Ugla).

Eins var ljóst að fámennið og tengsl milli vinkvenna hjálpaði þeim að koma upp um menn sem reyndust flagarar og skorti heilindi í sinni framgöngu. Þá voru þær búnar að greina í sameiningu hvers konar athafnaáætlanir (e. *strategies*) þeir væru búnir að koma sér upp.

Málið er nefnilega, ég þekki fleiri konur sem hafa hitt hann og sofið hjá og hann gerir þetta alltaf, nákvæmlega eins. (Hildur)

Þær spurðust einnig fyrir um karlmenn í gegnum sameiginlega vini á Facebook þannig að giftar og ógiftar vin- og kunningjakonur nýttust á margan hátt í að tryggja þeim mikilvægar upplýsingar um ókunnuga menn. Á Íslandi eru einnig facebook-síður eins og t.d. síðan *Stöndum saman*³⁷ þar sem sagt er frá giftum mönnum sem eru inn á Tinder, ofbeldismönnum og öðrum mönnum sem gætu verið hryðjuverkamenn á ástarvettvangnum.

³⁷ Sem er að ég held séríslenskt fyrirbæri og skýrist af uppbyggingu kvennasamstöðunnar hér á landi og svo fámenninu, sjá til dæmis: <https://www.facebook.com/groups/aularnir>, sótt 20.06.21.

Samantekt

„Ég hef alveg fengið mikið út úr því að finna bara kraft minn sem kona í að geta tælt og snúið hann um fingur mér og svoleiðis. En svo kannski verið meira vanmáttug í því að galdra til mín alvöru ást.“ (Þorbjörg)

Innrás nýfrjálshyggjunnar inn í einkarými tilfinninganna hefur umbreytt og truflað það sem við höfum gengið að sem gefnu. Þegar framboð og eftirspurn á ástarvettvangi urðu aðgengileg í sjónrænum fjarviddum og fjöldi fráskildra á miðjum aldri þrefaldaðist skapaði það nýja formgerð; nýjar leikreglur á ástarvettvangi, sem þátttakendur þessarar rannsóknar hafa ýmist verið að sjóast í eða gefa upp á bátinn. Formgerð ástarvettvangsins á hverjum tíma skapar möguleika á ákveðnum tilfinningum og ljóst að talsvert margt hafði breyst í gegnum lífshlaup þeirra. Tímabilið eftir skilnað nýttist í sjálfkönnun, og flestar upplifðu sig með sterkari kynverund og gerendamátt í eigin tilfinningalífi en áður. Þær voru hins vegar flestar úrkula vonar um að finna sjálfbæra ást, ást sem nærir og lifir. Það er orðið mun auðveldara að tengjast „fiskunum í sjónum“ hvar sem er í heiminum en þeir eiga það til að losna af önglinum, og hverfa jafnvel eins og draugar niður í undirdjúpin. Þær eru jafnframt orðnar þjálfaðri í losa þá af önglinum ef þeir virðast ekki ástarinnar virði. Þá hika þær ekki við að færa sig á önnur mið. Þjálfunarbúðir fyrir aftengingu eru gjarnan Tinder og aðrir samskiptamiðlar. Konurnar hafa tileinkað sér ýmis gildi markaðarins þegar kemur að þessum samskiptum, meðal annars til að njóta (eða neyta) nándar og líkama og finna með skjótum hætti þann ástarverðuga hverju sinni. Flestar höfðu samsamað sig frádrægum tengslum og forðuðust of miklar skuldbindingar.

Sjónræna auðvaldskerfið hefur haft sín áhrif á formgerð og leikreglur ástarvettvangsins. Kynlífsvæðing og neysluhyggja virðast vera svarið við leysingunni hér eins og annars staðar.³⁸ Þær fundu fyrir breytingum frá því þær voru yngri og fannst reglur og siðferðisviðmið óljósari. Gögnin gefa til kynna að þessar sjálfstæðu fyrirmyndarkonur í íslensku borgarsamfélagi hafi sumar komið sjálfum sér mest á óvart eftir skilnað, það er hversu langt þær gengu til að laga sig að formgerð og leysingu vettvangsins. Þær sem höfðu litla eða enga reynslu af skyndiástum en gáfu sig kynlífsvæðingunni á vald

³⁸ Það er, niðurstöður mínar eru í takt við niðurstöður Evu Illouz, í bók hennar *The End of Love*, 2019.

eftir skilnaðinn áttu á hættu að lenda í arðráni á ástarkrafti. Það fólst í að gefa of mikið af sér inn í óljós og skyndileg tengsl og upplifa tómleika, það er að kunna ekki að setja mörk fyrir sjálfar sig inn í hinu nýja kerfi, því þegar karlarnir voru orðnir mettir af kynþokka þeirra og ástarkrafti fjarlægðu þeir sig úr ástleitnum samskiptunum. Í frásögnunum má greina hversu mikilvægt það er að gera sig aðgengilega, láta sig vaða inn í þennan heim, taka áhættu, og jafnvel að „ná úr sér Tinder-hrollinum“. Að vera sveigjanlegur og áhættusækinn eru kjörorð nýfrjálshyggjunnar. Sumar voru að breyta algjörlega um stefnu og voru lengi að hafa sig í þetta og þurftu nokkur tilhlaup. Þær þjálfuðu sig í að skilja betur á milli kynlífs og sambanda; á milli líkama og tilfinninga, það er að segja laga sig að kynlífsvæðingunni sem samkvæmt Illouz beinist að því mögulega í umhverfinu, hvort sem það er í sýndar- eða raunheimum.³⁹ Þær sem höfðu brennt sig of oft á ástinni og óljósu leikreglunum, voru annað hvort í „algerri pásu frá ástinni“ sem þýddi að þær voru í besta falli að „leika sér“ að mönnum á Tinder eða þróuðu í staðinn einhvers konar „viðskiptasambönd“ um nánd við tiltekna menn og vörpuðu einungis fram tilteknum tilfinningum, sem í þeirra huga átti ekkert skylt við ást. Þær hættu að berskjalda sig tilfinningalega.

Konurnar voru sjálfum sér nógar efnahagslega og fannst gott að búa einar og voru ekki að leita að sambúð þótt þær væru að leita að ást. Hin raunverulega ást kallaði hins vegar í öllum tilfellum á einkvæni og sérstöðu. Að eins ein þeirra, Þorbjörg, hafði nýverið hafið sambúð með nýlegum kærasta. Þær hinar sem voru í sambandi voru í einhvers konar tímabandi sem þær töldu ekki byggja á ást, heldur nánd, góðu kynlífi og skemmtun. Þær fengu fyrst og fremst útrás fyrir vitsmunalega og tilfinningalega næringu með vinkonum og tvær gengu svo langt að segja að þær þyrftu rómantísk tengsl við karlmann einungis til að upplifa erótískan unað, það er að fullnægja líkamlegri og kynferðislegri nánd á rómantískan og ástríkan hátt. Annað sem áður tilheyrði ástarsambandi fengu þær útrás fyrir með vinkonum og vinum. Þessar konur voru ekki að leita að sambúð með karlmanni heldur „passlega djúpu ástarsambandi“ og svo virtist sem afar erfitt væri að finna ástarverðugan karlmann sem hefði slíkt samband á valdi sínu. Í þeirra tilfelli var framtíðin óráðin og núíð látið duga. Þetta átti sérstaklega við um konur sem enn voru með börn á framfæri sínu og vildu ekki taka neina áhættu með börnin

³⁹ Eva Illouz, *The End of Love*, 2019, sjá bls. 139-143.

sín og foreldraástina. Tengsl við vini og börn þarf því að skoða kerfisbundið til að skilja hegðun og val á vettvangi ástarinnar. Freyja, sem átti uppkomin börn og bjó ein var sú eina sem talaði beinlínis um að hana langaði í sambúð.

Félagsleg og efnahagsleg staða þeirra leyfir konunum að skapa fjarlægð gagnvart tengslum sem byggja ekki á gagnkvæmni varðandi ástarkraft og erótískan unað, þótt bæði formgerð ástarvettvangsins og veruháttur þeirra sjálfra geri það að verkum að ef þær eru ekki á verði detti þær inn í slík sambönd. Þær hafa meðvitað reynt að stækka miðin sín eða jafnvel færa sig á önnur mið til að forða sér frá slíku. Þannig hafa sumar komið sér upp samböndum sem þeim finnst meira í takt við eigin þarfir, sinn pakka, en þau sambönd sem þær voru í áður. Þær hafa lært, í gegnum harðsnúna reynslu, að verja sig betur fyrir ástararðráni. Þær eru jafnframt sjálfar undir áhrifum frá ríkjandi orðræðu markaðarins. Þær sem lengst hafa verið virkar á vettvangnum hafa orðið sveigjanlegri og áhættusæknari til að hámarka tilfinningalega og líkamlega upplifun sína. Það sem hvergi er að finna í erlendum ástarrannsóknnum er þessi sterka kvennasamstaða sem konurnar lýsa.

Kvennasamstaðan nær að verða hér umbreytandi afl í fólksfæðinni á Íslandi. Gögnin gefa til kynna að þessar konur eigi sér sterkt bakland í vinkonum sem deila með þeim upplýsingum um karlmenn, skipta með sér verkum og leggja mikið upp úr góðum vinatengslum. Þær virkustu fylgdust með hópum á samskiptamiðlum sem voru hugsaðir til að vara við hvers kyns arðráni og hryðjuverkamönnum á vettvangi ástarinnar. Vinkonur á svipuðum aldri með svipaðan smekk ræddu gjarnan sín á milli um hegðun karlmanna sem kom upp um ýmsa flagara sem endurtóku sams konar athafnaáætlanir til að fanga þær eða stunduðu daður við margar í einu. Því má ætla að þrátt fyrir ýmsa ósigra hafi þessar konur sem standa ofarlega í vinnuhagkerfinu betri stöðu innan ástarvettvangsins en fráskildar konur á þeirra aldri gerðu fyrir þrjátíu árum.⁴⁰

⁴⁰ Ef marka má niðurstöður Önnu Guðrúnar Jónasdóttur í doktorsritgerð sinni fyrir 30 árum og var gefin út á ensku undir heitinu: *Why Women are Oppressed* árið 1994.

ÚTDRÁTTUR

Hér er rýnt í ástarreynslu kvenna á miðjum aldri sem hafa skilið við langtímamaka og eru að reyna að fóta sig í breyttum og sítengdum veruleika tilhugalífsins. Tekin voru djúpvíðtöl við konur sem hafa náð góðum árangri á sínu starfssviði ásamt því að eiga börn og þau greind með aðstoð hugtaka úr smiðju Önnu Guðrúnar Jónasdóttur, Evu Illouz og Pierre Bourdieu. Ýmislegt hefur breyst í leikreglum tilhugalífsins frá því þær voru þar síðast. Þeim finnst erfiðara nú en áður að upplifa sérstöðu og öðlast fullvissu um eigin og annarra ástartilfinningar og varanleika þeirra; þrenna sem taldist eitt sinn grundvöllur ástarsambands. Þær hafa sumar enduruppgötvað sig sem kynverur og lifa ýmist meira í takt við neyslumeningu kynlífs og ástar eða eru í pásu frá ástinni sem birtist í óvirkni eða tímaböndum (e. situationship) og hafa samsamað sig frádrægum tengslum (e. negative relations). Það á ekki síst við um þær sem hafa dvalið lengst í tilhugalífinu. Konurnar hafa tileinkað sér ýmis gildi markaðarins til að finna með skjótum hætti þann ástarverðuga. Þær hafa sjálfar fundið á eigin skinni hversu auðvelt er að aftengjast mögulegu ástarviðfangi í skjóli tæknivæddrar fjarlægðar. Konurnar eru sjálfum sér nógar félagslega og efnahagslega og velja að búa án maka. Þær eru ekki að leita aftur að sambúð þótt þær séu að leita að ást. Vegna óvissunnar sem ríkir í rómantískum tengslum hafa þessar konur lagt enn meiri áherslu á vinatengsl og kvennasamstöðu sem jafnframt nýtist til að verja sig ástararðráni.

Lykilord: Ástarrannsóknir, ástarsambönd, tilhugalíf, frádræg tengsl, sjónræn auðvaldshyggja.

ABSTRACT

“My preference for a traditional relationship is on the wane”.

The Love Life of Divorced Career Women

This qualitative interview research, inspired by concepts from Eva Illouz and Anna Guðrún Jónasdóttir, centres on the love life of women in Reykjavík, who have divorced their long-term partner and have been dating for some years. The results indicate that the rules and regulations in the field of love have transformed since they were younger, and they feel how much more difficult it is to experience singularity and certainty about their own and their partner's love, not to mention the permanence of those feelings. These three components were once considered the foundation for love relations. There were three stages of dealing with love, and some who have spent the longest time in the dating field have gone

through all these stages. They have a) adjusted themselves more to the consumerist way of love and sex, b) abandoned the idea of love and thus becoming inactive, c) entered a situationship. Through that practice they have shaped their subjectivity towards negative choices and relations. These women are socially and economically independent, and even though they are searching for love they are not searching for traditional relationship based on cohabitation. Instead they emphasized the distance from everyday practices. Due to the deregulation of rituals when dealing with romantic love relations they had stopped counting on them. Instead they put more focus than before on other kind of love relations that were more likely to last, as with friends, and gave examples of how women's solidarity has helped them to defend themselves from exploitation of their love power.

Keywords: Love studies, love relations, courtship, consumerism, scopic capitalism, negative relations.

BERGLIND RÓS MAGNÚSDÓTTIR

Prófessor í uppeldis- og menntunarfræðum

Deild menntunar og margbreytileika

Menntavísindasviði Háskóla Íslands

Skipholti 37

105 Reykjavík

brm@hi.is

